

# **Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal 2017**

## **haldinn á Skjöldólfsstöðum, laugardaginn 28. apríl kl. 14.**

### **Dagskrá:**

1. Erindi gesta fundarins:
  - Erindi Prastar Elliðasonar, fyrirsvarsmanns Strengja ehf. leigutaka
  - Erindi Guðna Guðbergssonar, sviðsstjóra hjá Hafrannsóknastofnun
  - Erindi Jóns Helga Björnssonar, formanns Landssambands veiðifélaga
2. Skýrsla kjörbréfanefndar um atkvæðisrétt á fundinum
3. Skýrsla stjórnar
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
5. Umræður um skýrslu og reikninga
6. Fjárhagsáætlun næsta árs
7. Breytingar á samþykktum félagsins
8. Kosningar:
  - a. Kosning 2ja stjórnarmanna til þriggja ára
  - b. Kosning 3ja varamanna til eins árs
  - c. Kosning 2ja skoðunarmanna og varaskoðunarmanns til eins árs.
  - d. Kosning kjörbréfanefndar. Þrír aðalmenn og tveir til vara. Nefndin hafi það hlutverk að fara yfir atkvæði fundarmanna og umboð á veiðifélagsfundum.
9. Ráðstöfun veiðiréttar 2022-2026 - nýr samningur við Strengi
10. Tilhögun útgreiðslu arðs samkvæmt samþykkttri arðskrá.
11. Önnur mál

*Formaður setti fund kl. 14.05 og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um starfsmenn fundarins: Jón Guðmundsson sem fundarstjóra og Skúla Björn Gunnarsson sem ritara. Fundurinn samþykkti það. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og gengið var til dagskrár.*

### **1. Erindi gesta**

#### **Pröstur Elliðason, Strengjum**

Pröstur fór yfir veiðitölur og sleppingar frá sumrinu 2017 og sýndi fallegar myndir frá veiðinni og veiðistöðum. Laxveiðin var minni en vonir stóðu til og var svipaða sögu að segja um Jöklu og aðrar ár á norðausturhorninu sem hafa verið í lægð síðustu árin, alls 350 laxar að Fögruhlíðará meðtalinni. Silungsveiði var hins vegar heldur meiri en í meðalári og sérstaklega í Fögruhlíðará. Trúlega vantar ennþá eitthvað í skráningar á bleikju sem veiðist í Jöklu sjálfri.

Seiðasleppingar árið 2017 voru meiri en nokkru sinni fyrr og munaði þar um 50 þús. smáseiði úr velheppnuðu klaki sem veiðifélagið kostaði flutninga á og hjálpaði til við sleppingar. Alls var sleppt rúmlega 110 þús. smáseiðum við Jöklu sjálfa en gönguseiði að Fögruhlíðará meðtalinni voru 28.200. Áherslan síðustu ár hefur verið aukin á smáseiðin í ljósi betri uppeldisskilyrða en áður var talið að væru í Jöklu. Alls hefur leigutakinn sleppt 1.038.200 seiðum frá 2006 að Fögruhlíðará meðtalinni.

Pröstur sýndi hvernig breyting hefur orðið á veiðinni á þessum tíu árum sem eru frá því ævintýrið byrjaði. Fyrstu fjögur árin voru 70-90% af laxveiðinni á svæðinu bundin við Laxá, Kaldá og Fögruhlíðará. Árið 2011 jafnaðist síðan hlutfallið og eftir framkvæmdir

við Steinboga og veiði á efra svæði hófst árið 2013 eru 60-75% af laxinum sem landað er að veiðast í Jöklu.

Þröstur ræddi lítillga horfur fyrir sumarið framundan. Sumir segðu að ár sem enduðu á 8 væru oft góð í laxveiðinni en það væri ekkert í hendi um það. Menn bindu samt vonir við að veiðin á norðausturhorninu væri á leiðinni upp aftur. Veiðileyfasalan gengi samt illa og væri í engu samræmi við það sem hann hefði vonast til að hún væri nú þegar komin væri 10 ára reynsla á ána á markaði. Þröstur sagðist vera að sækja inn á nýja markaði eins og Frakkland því að breski markaðurinn væri að miklu leyti hruninn vegna sterkrar krónu og veiks punds. Íslenski markaðurinn á suðvesturhorninu virtist einnig tregur og erfitt að ná veiðimönnum austur.

Að lokum sagðist Þröstur samt ekki vera að gefast upp og hafa fulla trú á verkefninu áfram enda sýndu allar rannsóknir að laxastofn svæðisins væri að eflast og uppbyggingin hlyti að skila sér á endanum. Þess vegna sæktist hann eftir fleiri árum með framlengingu leigusamnings.

### **Erindi frá Guðna Guðbergssyni, Hafrannsóknastofnun**

Guðni Guðbergsson sagði frá því helsta varðandi rannsóknir á lífríki og útbreiðslu og ástandi seiða og veiði á vatnasvæði Jökulsár á Dal og Fögruhlíðarár 2017. Skýrsla um rannsóknirnar kemur út á næstu vikum hjá Hafrannsóknarstofnun.

Gerð var rannsókn á þéttleika og ástandi seiða í Jöklu og hliðarám hennar um mánaðamótin júlí ágúst líkt og gert hefur verið árlega frá 2013. Guðni sagði rannsóknir sumarsins staðfesta það sem hefur verið að skýrast á síðustu árum, að þrif seiða virðast almenn góð og vöxtur þeirra í Jöklu ekki minni en í hliðaránum. Yfirfallið virðist ekki hafa teljandi áhrif og náttúruleg laxa- og bleikjuseiði fundust í Jöklu auk sleppiseiða.

Guðni kom inn á að ljóst væri að Steinboginn hefði verið töf fyrir uppgöngu laxa í ána og þó að einhver göngutöf gæti verið við Valabjörg ofan Hólaflúðar þá veiðast laxar langt upp eftir dal, jafnvel upp að Tregahyl við Tregagilsá á Efradal. Lax úr smáseiðasleppingum er farinn að skila sér til hrygningar í Jöklu þó að þéttleiki villtra seiða sé enn lítill enda um stórt vatnsfall að ræða.

Guðni sýndi hvernig veiði sveiflast milli ára og hvernig ár á norðausturhorninu hafa verið lélegar síðustu árin. Meðalhiti í ám á því landssvæði hefur verið undir meðaltali undanfarin árin og sýndi Guðni hvernig vöxtur laxaseiða í Vopnafjarðarám hefur verið hægari á þeim tíma sem leiðir til þess að þau eru lengur í ánum.

Í máli Guðna kom fram að hann vonaði að áfram yrði gott samstarf um rannsóknirnar og að Landsvirkjun héldi áfram að kosta þær, enda mikilvægt að fylgjast með hvernig fiskistofnar byggjast upp í á sem var áður aurugt jökulfljót. Eitt af því sem ef til vill þyrfti að bæta inn í væru breytingar á farvegi árinna, sérstaklega á neðri svæðum þar sem áin er enn að finna sinn endanlega farveg í malareyrnum. Þá nefndi hann að gott væri að taka botngerðarmat inn í rannsóknirnar á næstu árum.

Hallgrímur Þórhallsson spurði hvort ekki hefðu verið örmerkt laxaseiði í Jöklu síðustu árin. Þröstur svaraði því að slíkt hefði ekki verið gert í nokkur ár vegna kostnaðar.

Guðmundur Ólason spurði um hvað hreistursýnin hefðu sýnt varðandi skiptingu gönguseiða og náttúrulegra seiða eða smáseiða. Guðni fór yfir töflu um það sem sýndi m.a. að áætla má að af veiði síðasta árs 350 fiskum í öllum ánum hefði um 85 fiskar af aflanum verið gönguseiði.

### **Erindi frá Jóni Helga Björnssyni, formanni Landssambands veiðifélaga**

Jón Helgi Björnsson sagðist hafa tekið við sem formaður Landssambandsins fyrir þremur árum og hann hefði reiknað með að taka þar við léttu verki þar sem fyrri formaður hefði verið búinn að vinna gott verk í lagaumhverfi og öðru. Það hefði hins vegar komið annað á daginn þegar fiskeldisáformum hefði vaxið ásmegin.

Í máli hans kom fram að 1860 lögbýli á landinu hefðu arð eða nytjar af silungi og laxi, skipulag væri gott og verulegur arður væri greiddur til landeigenda. Hann sýndi síðan hvað væri verið að sækja um mikið af leyfum fyrir fiskeldi en þær umsóknir eru samtals fyrir yfir 200 þús. tonnum af laxi. Í dag er aðeins verið að tala um frjóan norskan eldislax og töluverður hluti af þessum umsóknum varðar Austfirði eða um 50 þús. tonn. Lúsasmit, erfðamengun, sjúkdómar og mengun sjávar eru helstu áhættuþættirnir. Og almennt er gert ráð fyrir að slyssaleppingar séu samsvarandi einum laxi fyrir hvert tonn, sem gæti þýtt 50 þús. laxa á Austfjörðum.

Hann brýndi fyrir fundarmönnum að veiðifélögin yrðu að standa saman í þessu máli og berjast gegn þessari ógn sem væri af norska eldislaxinum vegna erfðamengunar á íslenska stofninn og fleiri þátta.

Jón Helgi ræddi einnig stuttlega um arðgreiðslur þar sem Aðalsteinn formaður hafði beðið hann um það. Hann sagði það almenna reglu að veiðifélög söfnuðu ekki í stóra sjóði heldur væri leigutekjum útteilt til veiðiréttarhafa þó að hluti færi í kostnað við rekstur veiðifélaganna. Oft væri þá veitt heimild í rekstraráætlun til að greiða út arðinn eða aðalfundur heimilaði stjórn að ganga frá arðgreiðslum eftir ákveðnu fyrirkomulagi.

Gunnar Guttormsson spurði um slyssaleppingar í sjókvíaeldi. Jón Helgi sagði að sem betur fer væri ekki hátt hlutfall laxa úr slyssaleppingum sem kæmi upp í ár en samt sýndu rannsóknir frá öðrum löndum að það væri nægilegt til að hafa áhrif á villta stofna.

Þorsteinn Gústafsson kom inn á að í reglugerðum væri kveðið á um að ekki væru notuð lyf við fiskeldi á Íslandi og spurði hverju það sætti að samt virtust fiskeldisfyrirtækin vera að nota lyf. Jón Helgi sagði engin lyf vera til við nýrnaveiki en fyrirtækin gætu fengið undanþágur og leyfi til að nota lyf við ýmsu öðru eins og lúsinni. En það hefði líka áhrif á umhverfið.

Þorsteinn spurði einnig um hvað væri mikið vit í því að fara út í sjókvíaeldi ef að einn fiskur slyppi fyrir hvert tonn. Jón Helgi sagði að sem betur fer dræpast fiskarnir oft fljótt en fjöldinn sem væri verið að tala um væri hins vegar ógnvænlegur og eina leiðin sem hann sæi færa væri að banna algjörlega frjóan lax í sjókvíaeldi á Íslandi.

*Að loknum þessum dagskrárlið var tekið kaffihlé en fundi síðan framhaldið og tekið til við hefðbundin aðalfundarstörf. Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins en til hans hafði verið boðað með ábyrgðarbréfi. Enginn gerði athugasemdir við boðun fundarins og lögmæti hans.*

## 2. Skýrsla kjörbréfanefndar um atkvæðisrétt á fundinum

Atkvæðaskrá hafði verið send út með fundarboði og ekki komið fram athugasemdir við hana, alls 74 atkvæði. Þorsteinn Gústafsson, fulltrúi kjörbréfanefndar, var búinn að fara yfir umboð og mætingu. Þorsteinn kynnti niðurstöðu kjörbréfanefndar. Mættir á þennan aðalfund voru 27 manns með gestum. Atkvæði teljast 37, þar af eru skrifleg umboð 22 og þeir sem greiða atkvæði eru samtals 21, sjá nánar fylgiskjal 1.

Skrifleg umboð sem kjörbréfanefnd höfðu borist og voru metin gild eru sem hér segir:

|                        |                                                  |         |
|------------------------|--------------------------------------------------|---------|
| Skúli Björn Gunnarsson | umboð frá eiganda Litla-Bakka                    | 1 atkv. |
| Aðalsteinn Jónsson     | umboð frá eiganda Klaustursels                   | 1 atkv. |
| Þórarinn Hrafnkelsson  | umboð frá eigendum Gilja og Hróthamra            | 2 atkv. |
| -                      | umboð frá eigendum Sleðbrjóts I og II            | 2 atkv. |
| -                      | umboð frá eigendum Breiðumerkur I og II          | 2 atkv. |
| Halla Eiríksdóttir     | umboð frá eiganda Hákonarstaða I og III          | 2 atkv. |
| -                      | umboð frá eiganda Langagerðis & Arnórsstaða 3    | 2 atkv. |
| -                      | umboð frá eiganda Hákonarst. II & Breiðalæks     | 2 atkv. |
| Stefán Hrafn Jónsson   | umboð frá eiganda Hnefilsdals I og II            | 2 atkv. |
| Stefán Halldórsson     | umboð frá meðeigenda Brúar I og II (frá Póreyju) | 1 atkv. |
| Þorsteinn Snædal       | umboð frá meðeiganda Skjöldólfsstaða I           | 1 atkv. |
| Þorvaldur P. Hjarðar   | umboð frá eigendum Laugavalla                    | 1 atkv. |
| Gestur Hallgrímsson    | umboð frá eiganda Stóra-Bakka                    | 1 atkv. |
| -                      | umboð frá eiganda Blöndugerðis (frá Jóhanni)     | 1 atkv. |
| Rögnvaldur Ragnarsson  | umboð frá meðeiganda Hrafnabjarga IV             | 1 atkv. |

Ábúendur og/eða landeigendur á fundinum með atkvæði:

|                              |                                      |         |
|------------------------------|--------------------------------------|---------|
| Þorsteinn Gústafsson         | eigandi Geirastaða II                | 1 atkv. |
| Aðalsteinn Sigurðsson        | ábúandi Vaðbrekku                    | 1 atkv. |
| Gunnar Valgeirsson           | eigandi Skeggjastaða og Smáragrundar | 2 atkv. |
| Snæbjörn Ólason              | eigandi Hauksstaða                   | 1 atkv. |
| Jón Víðir Jónsson            | eigandi Hvannár I og III             | 2 atkv. |
| Benedikt Arnórsson           | ábúandi Hofteigi                     | 1 atkv. |
| Agnar Ben. og Lilja Björnsd. | eigendur Hvannár II                  | 1 atkv. |
| Hallgrímur Þórhallsson       | ábúandi Skriðuklaustri               | 1 atkv. |
| Gestur Hallgrímsson          | ábúandi Blöndubakka                  | 1 atkv. |
| Bragi Steinar Björgvinsson   | ábúandi Eiríksstöðum                 | 1 atkv. |
| Lárus Brynjar Dvalinsson     | eigandi Vörðubrunar                  | 1 atkv. |
| Guðmundur Ólason             | eigandi Hrólfsstaða                  | 1 atkv. |
| Þorvaldur P. Hjarðar         | eigandi Hjarðarhaga                  | 1 atkv. |

Engar athugasemdir gerðar við niðurstöðu kjörbréfanefndar.

## 3. Skýrsla stjórnar

Aðalsteinn Jónsson formaður flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni síðastliðins starfsárs. Sjá nánar í fylgiskjal 2.

## 4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar

Dreift hafði verið ársreikningi félagsins, sjá fylgiskjal 3, en hann hefur verið undirritaður af skoðunarmönnum og stjórn. Skúli Björn gerði grein fyrir ársreikningi fyrir árið 2017.

Helstu niðurstöðurtölur eru þessar:

|                        |                    |
|------------------------|--------------------|
| Rekstrartekjur         | 2.136.471 kr.      |
| Rekstrargjöld          | 1.473.133 kr.      |
| <u>Fjármagnsliðir</u>  | <u>128.852 kr.</u> |
| <b>Afgangur ársins</b> | <b>792.190 kr.</b> |

Eigið fé í árslok      6.773.725 kr.

## 5. Umræður um skýrslu og reikninga

Engar umræður urðu um skýrslu stjórnar og reikninga. Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar og ársreikninginn undir fundinn. Skýrsla stjórnar og ársreikningur voru samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

## 6. Fjárhagsáætlun næsta árs

Skúli Björn gerði grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 og fór yfir helstu skýringar á bak við hana, sjá fylgiskjal 4.

Helstu tölur úr fjárhagsáætlun eru:

|                                |                      |
|--------------------------------|----------------------|
| Rekstrartekjur                 | 3.500.000 kr.        |
| Rekstrargjöld                  | 2.200.000 kr.        |
| <u>Fjármagnstekjur</u>         | <u>150.000 kr.</u>   |
| <b>Rekstrarafgangur ársins</b> | <b>1.450.000 kr.</b> |

Eigið fé í árslok      kr. 8.223.725 kr.

Skúli Björn gerði grein fyrir því að ef tillaga stjórnar um greiðslu arðs sem hlutfalls af leigugreiðslum fyrir árið 2018 yrði samþykkt þá yrði engin hækkun á eigin fé og rekstrarafgangurinn og jafnvel meira færi í arðgreiðslur.

Afgreiðslu fjárhagsáætlunar frestað fram yfir afgreiðslu 10. dagskrárliðar þar sem tillaga um arfgreiðslur er tekin fyrir.

## 7. Breytingar á samþykktum félagsins

Engar breytingar á samþykktum lágu fyrir fundinum.

## 8. Kosningar:

### a. Kosning 2ja stjórnarmanna til 3ja ára

Formaður fékk orðið og gerði grein fyrir því að kjósa þarf um sæti Þórarins Hrafnkelssonar og Braga Steinars Björgvinssonar. Þeir gefa ekki kost á sér til frekari stjórnarsetu enda hafa báðir setið í stjórn frá stofnun félagsins. Formaður gerði grein fyrir því að Halla Eiríksdóttir og Lárus Brynjar Dvalinsson gæfu kost á sér í stjórn. Engin önnur framboð komu fram og voru þau klöppuð inn í stjórnarsæti.

### b. Kosning 3ja varamanna til eins árs

Fundarstjóri lýsti eftir framboðum og gaf Agnar Benediktsson kost á sér auk sitjandi varamanna, Þorsteins Gústafssonar og Benedikts Ólasonar. Fundarstjóri lagði fyrir fundinn hvort sátt væri um að spara tíma og sleppa skriflegum kosningum um röð varamanna en röð þeirra yrði þessi: Þorsteinn 1. varamaður, Benedikt 2. varamaður og Agnar 3. varamaður. Fundurinn gerði ekki athugasemd við þessa tilhögun.

### **c. Kosning 2ja skoðunarmanna og varaskoðunarmanns til eins árs**

Arnór Benediktsson og Jón Helgason kjörnir aðalskoðunarmenn áfram og Snæbjörn Ólason til vara.

### **d. Kosning kjörbréfanefndar. Þrír aðalmenn og tveir til vara.**

Í kjörbréfanefnd voru kosnir: Hallgrímur Þórhallsson, Benedikt Ólason og Þorsteinn Gústafsson. Benedikt Arnórsson og Bragi Steinar Björgvinsson kosnir til vara.

Aðalsteinn formaður tók til máls og benti á að kjörbréfanefnd væri mikilvæg í félaginu til að gæta lögmætis funda og réttar félagsmanna kringum félagsfundi.

### **9. Ráðstöfun veiðiréttar 2022-2026 - nýr samningur við Strengi ehf.**

Þröstur Elliðason, fulltrúi leigutaka, fór af fundinum eftir að formaður hafði þakkað honum fyrir erindi sitt.

Fyrir hönd stjórnar fór Skúli Björn síðan yfir nýjan samning við leigutakann sem stjórn hefur undirritað með fyrirvara um samþykki félagsfundar. Núgildandi samningur við Veiðipjónustuna Strengi ehf gildir til ársloka 2021 en í honum er gert ráð fyrir endurskoðun árið 2018. Leigutaki fór þess á leit við stjórn veiðifélagsins að fá samning til fimm ára í viðbót. Niðurstaða stjórnar var að verða við því gegn ákveðnum árlegum hækkunum á leigugjaldi og fara í leiðinni í gagnvera endurskoðun á samningnum við leigutakann, m.a. í ljósi þess hvernig verkaskipting hefur þróast síðustu árin og hvaða breytingar hafa orðið á veiðisvæðinu.

Farið var yfir samninginn grein fyrir grein og rætt um breytingar frá fyrri samningum og hvað hækkar á leigugjaldi munu þýða fyrir veiðiréttarhafa. Nýr samningur tekur gildi 1. júní 2018 og gildir til ársloka 2026 og prósentuþækkar leigugjalds eru árlegar frá 2018 auk þess sem þær eru bundnar vísitölu neysluverðs.

Fundarstjóri bar samninginn undir atkvæði. Samningurinn var samþykktur samhljóða með handaupprettinu.

### **10. Tilhögun útgreiðslu arðs samkvæmt samþykkttri arðskrá**

Aðalsteinn fór yfir eftirfarandi tillögu stjórnar um tilhögun arðgreiðslna.

- Lagt er til að arðgreiðslur Veiðifélags Jökulsár á Dal verði greiddar út í árslok hvert ár sem hlutfall af leigutekjum yfirstandandi árs.
- Hlutfallið af leigutekjum skal ákveðið á aðalfundi viðkomandi árs.
- Lagt er til að arðgreiðslur fyrir árið 2018 verði 60% af leigutekjum ársins 2018.

Þorsteinn Gústafsson spurði hvort stjórn hefði kynnt sér hvernig hlutfall arðgreiðsla af leigutekjum væri hjá öðrum veiðifélögum. Aðalsteinn svaraði að það hefði verið skoðað aðeins en gera mætti ráð fyrir því að þetta hlutfall, 60%, myndi hækka þegar fram í sækti og framkvæmdir vegna aðgengis við ána sem nú væru á döfinni væru búnar. Hlutfallið yrði jafnframt endurskoðað á hverjum aðalfundi.

Þorvaldur P. Hjarðar tók til máls og spurði hvort ekki væri eðlilegt að stjórn fengi greiddan útlagðan kostnað við að sinna stjórnarstörfum, s.s. eldsneytiskostnað.

Fundarstjóri vísaði því til stjórnar að skoða það en bara síðan tillögu stjórnar um arðgreiðslur undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Að svo búnu tók fundarstjóri afgreiðslu fjárhagsáætlunar aftur á dagskrá. Skúli Björn fór yfir að miðað við áætlunina eins og hún er sett upp þá sé gert ráð fyrir 1450 þús. kr. afgangi sem samsvarar um 60% af áætluðum leigutekjum ársins. Leigutekjurnar ráðast hins vegar af hversu margir dagar eru veiðanlegir áður en kemur yfirfall.

Fjárhagsáætlun hvers árs fylgir slík óvissa þannig ekki er hægt að setja inn í hana fastar krónutölur varðandi arðgreiðslur. Þær munu því verða samkvæmt því hlutfalli sem fundurinn hafi nú samþykkt fyrir árið 2018 og leiða til þess að eigið fé félagsins mun ekki hækka.

Fundarstjóri bar áætlunin undir atkvæði. Fjárhagsáætlun ársins samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

### **11. Önnur mál**

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum og fundarmenn gáfu sig ekki fram með önnur mál þegar fundarstjóri gekk eftir því.

*Fundarritara og fundarstjóra falið að ganga frá fundargerð. Formaður félagsins þakkaði starfsmönnum fundarins og fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 16.40.*

---

Jón Guðmundsson fundarstjóri

---

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

## Skrá yfir atkvæði í Veiðifélagi Jökulsár á Dal á aðalfundi 28. apríl 2018

|                          |                            |                                          |
|--------------------------|----------------------------|------------------------------------------|
| 1. Blöndugerði           | <i>Landeigandi</i>         | Gestur Hallgrímsson umboð                |
| 2. Blöndubakki           | <i>Ábúandi</i>             | Gestur Hallgrímsson                      |
| 3. Stóri-Bakki           | <i>Landeigandi</i>         | Gestur Hallgrímsson umboð                |
| 4. Árbakki               | <i>Landeigandi</i>         |                                          |
| 5. Litli-Bakki           | <i>Landeigandi</i>         | Skúli Björn Gunnarsson umboð             |
| 6. Hrærekslækur          | <i>Landeigandi</i>         |                                          |
| 7. Galtastaðir út        | <i>Landeigandi</i>         |                                          |
| 8. Geirastaðir II        | <i>Landeigandi</i>         | Þorsteinn Gústafsson                     |
| 9. Húsey I               | <i>Ábúandi</i>             |                                          |
| 10. Húsey II             | <i>Ábúandi</i>             |                                          |
| 11. Valþjófsstaður       | <i>Landeigandi</i>         |                                          |
| 12. Aðalból              | <i>Ábúandi</i>             |                                          |
| 13. Vaðbrekka            | <i>Ábúandi</i>             | Aðalsteinn Sigurðsson                    |
| 14. Skriðuklaustur       | <i>Ábúandi</i>             | Hallgrímur Þórhallsson                   |
| 15. Klaustursel          | <i>Landeigandi</i>         | Aðalsteinn Jónsson umboð                 |
| 16. Merki                | <i>Ábúandi</i>             |                                          |
| 17. Arnarhóll            | <i>Ábúandi</i>             |                                          |
| 18. Arnórsstaðapartur    | <i>Landeigandi</i>         |                                          |
| 19. Gauksstaðir          | <i>Landeigandi</i>         |                                          |
| 20. Mælivellir           | <i>Landeigandi</i>         |                                          |
| 21. Skuggahlíð           | <i>Landeigandi</i>         |                                          |
| 22. Hnefilsdalur I       | <i>Landeigandi</i>         | Stefán H. Jónsson umboð                  |
| 23. Hnefilsdalur II      | <i>Landeigandi</i>         | Stefán H. Jónsson umboð                  |
| 24. Smáragrund           | <i>Landeigandi</i>         | Gunnar Valgeirsson                       |
| 25. Skeggjastaðir        | <i>Landeigandi</i>         | Gunnar Valgeirsson                       |
| 26. Refshöfði            | <i>Landeigandi</i>         |                                          |
| 27. Teigasel             | <i>Landeigandi/Ábúandi</i> |                                          |
| 28. Gil                  | <i>Landeigandi</i>         | Þórarinn Hrafnkelsson umboð              |
| 29. Hrúthamrar           | <i>Landeigandi</i>         | Þórarinn Hrafnkelsson umboð              |
| 30. Hauksstaðir          | <i>Landeigandi</i>         | Snæbjörn Ólason                          |
| 31. Hrólfsstaðir         | <i>Landeigandi</i>         | Guðmundur Ólason                         |
| 32. Hvanná I             | <i>Landeigandi</i>         | Jón Víðir Jónsson                        |
| 33. Hvanná II            | <i>Landeigandi</i>         | Agnar Benediktsson og Lilja Björnsdóttir |
| 34. Hvanná III           | <i>Landeigandi</i>         | Jón Víðir Jónsson                        |
| 35. Hofteigur            | <i>Ábúandi</i>             | Benedikt Arnórsson                       |
| 36. Hjarðargrund         | <i>Landeigandi</i>         |                                          |
| 37. Hjarðarhagi          | <i>Landeigandi</i>         | Þorvaldur P. Hjarðar                     |
| 38. Skjöldólfsstaðir I   | <i>Landeigandi</i>         | Þorsteinn Snædal umboð                   |
| 39. Skjöldólfsstaðir II  | <i>Landeigandi</i>         |                                          |
| 40. Gilsá                | <i>Landeigandi</i>         |                                          |
| 41. Arnórsstaðir I og II | <i>Landeigandi</i>         |                                          |
| 42. Arnórsstaðir III     | <i>Landeigandi</i>         | Halla Eiríksdóttir umboð                 |
| 43. Hákonarstaðir I      | <i>Landeigandi</i>         | Halla Eiríksdóttir umboð                 |
| 44. Hákonarstaðir II     | <i>Landeigandi</i>         | Halla Eiríksdóttir umboð                 |
| 45. Hákonarstaðir III    | <i>Landeigandi</i>         | Halla Eiríksdóttir umboð                 |
| 46. Langagerði           | <i>Landeigandi</i>         | Halla Eiríksdóttir umboð                 |
| 47. Breiðilækur          | <i>Landeigandi</i>         | Halla Eiríksdóttir umboð                 |
| 48. Grund                | <i>Landeigandi</i>         |                                          |
| 49. Eiríksstaðir         | <i>Ábúandi</i>             | Bragi Steinar Björgvinsson               |
| 50. Brú                  | <i>Landeigandi</i>         | Stefán Halldórsson umboð                 |

|                       |                    |                             |
|-----------------------|--------------------|-----------------------------|
| 51. Laugavellir       | <i>Landeigandi</i> | Þorvaldur P. Hjarðar umboð  |
| 52. Eyjasel           | <i>Landeigandi</i> |                             |
| 53. Hólmátunga        | <i>Landeigandi</i> |                             |
| 54. Torfastaðir       | <i>Landeigandi</i> |                             |
| 55. Árteigur          | <i>Landeigandi</i> |                             |
| 56. Hnitbjörg         | <i>Landeigandi</i> |                             |
| 57. Bláeyri/Fagrahlíð | <i>Landeigandi</i> |                             |
| 58. Hlíðarhús         | <i>Landeigandi</i> |                             |
| 59. Sleðbrjótssel     | <i>Landeigandi</i> |                             |
| 60. Mássel            | <i>Landeigandi</i> |                             |
| 61. Sleðbrjótur I     | <i>Landeigandi</i> | Þórarinn Hrafnkelsson umboð |
| 62. Sleðbrjótur II    | <i>Landeigandi</i> | Þórarinn Hrafnkelsson umboð |
| 63. Breiðamörk I      | <i>Landeigandi</i> | Þórarinn Hrafnkelsson umboð |
| 64. Breiðamörk II     | <i>Landeigandi</i> | Þórarinn Hrafnkelsson umboð |
| 65. Surtssstaðir      | <i>Landeigandi</i> |                             |
| 66. Hallgeirsstaðir   | <i>Landeigandi</i> |                             |
| 67. Vörðubrún         | <i>Landeigandi</i> | Lárus Brynjar Dvalinsson    |
| 68. Hrafnabjörg I     | <i>Landeigandi</i> |                             |
| 69. Hrafnabjörg II    | <i>Ábúandi</i>     |                             |
| 70. Hrafnabjörg III   | <i>Landeigandi</i> |                             |
| 71. Hrafnabjörg IV    | <i>Landeigandi</i> | Rögnvaldur Ragnarsson umboð |
| 72. Fossvellir I      | <i>Landeigandi</i> |                             |
| 73. Fossvellir II     | <i>Landeigandi</i> |                             |
| 74. Selland           | <i>Landeigandi</i> |                             |

**Skýrsla stjórnar Veiðifélags Jökulsár á Dal  
til aðalfundar félagsins 28. apríl 2018**

Stjórn félagsins síðasta starfsárið hafa skipað: Aðalsteinn Jónsson formaður, Skúli Björn Gunnarsson ritari, Þórarinn Hrafnkelsson gjaldkeri, Gestur Jens Hallgrímsson og Bragi Steinar Björgvinsson meðstjórnendur. Fyrsti varamaður Halla Eiríksdóttir var boðuð á alla fundi stjórnar og sat þá flesta. Alls hélt stjórn 6 bókaða fundi. Nokkuð hefðbundin starfsemi var hjá félaginu milli aðalfunda.

1. Breytingar á samþykktum og arðskrá fyrir félagið voru afgreiddar á síðasta aðalfundi og birtust í Stjórnartíðindum 29. júní 2017 eftir að Fiskistofa hafði staðfest gögnin og tilskildir kærufrestir voru liðnir. Verður lögð fyrir á þessum fundi tillaga um hvernig og hversu stór hluti leigutækna greiðist sem arður til landeigenda.
2. Stefnumið fyrir félagið voru kynnt á síðasta aðalfundi og minnt á þau í fréttabréfi. Það sem mest hefur verið rætt innan stjórnar, er hvernig bæta megi og fegra umhverfi árinna.
3. Eyðing vargs. Samningur er í gildi við Kjartan Sigurðsson um minkaveiðar. Benti síðasti aðalfundur á að þarna væri veiðifélagið farið að kosta vekefni sem væri alfarið á hendi sveitarfélaga. Sent var erindi á Fljótsdalshérað þar sem hafnað var aukinni þáttöku sveitarfélagsins í kostnaði við eyðingu minks við Jöklu.
4. Samstarf við Landsvirkjun, Sótt var um unglingavinnuflokk og fékkst hann í tvær vikur. Settar voru niður skiltaundirstöður við veiðistaði og lagaðir göngustígar. Á árinu rann út samningur um rannsóknir og eftirlit með lífríki árinna. Samingurinn er á milli veiðifélags, Veiðimálastofnunar, nú Hafrannsóknastofnunar, og Landsvirkjunar. Rætt hefur verið um áframhaldandi rannsóknarvinnu. Er búið að tryggja fjármagn til rannsóknarinnar árið 2018 og vilji til að gera fimm ára samning eftir það. Hefur verið óskað eftir að þar verði tekið á fleiri þáttum, svo sem búsvæða- og botngerðarmati. Þær rannsóknir gætu síðan orðið grunnur þegar kemur að endurskoðun arðskrár að átta árum liðnum.
5. Seiðasleppingar voru eins og samningur við leigutaka kveður á um. Einnig voru um 50.000 sumaralin seiði úr klaki árinna sem tókst vel, sem veiðifélaginu bauðst að auki. Lagði veiðifélagið í kostnað við að sækja seiðin að Laxamýri og félagsmenn sáu um að sleppa seiðum nokkuð víða. Sendum við bestu þakkir til Norðurfisks og þeirra sem sáu um flutninga og sleppingar.
6. Skiltagerð. Þau Jón og Linda í Teigaselí hafa séð um framleiðslu skilta fyrir veiðifélagið með nöfnum veiðistaða, settar voru niður undirstöður og skilti til merkingar á 12 veiðistöðum 2017 og einnig eru tilbúin fyrir 2018 alls 25 skilti sem sett verða upp í vor. Síðasta sumar lét félagið einnig framleiða fyrir sig vegvísa úr áli í líki laxs sem komið var upp við vegi og vegslóða sem liggja frá þjóðvegi og að veiðistöðum.
7. Fiskræktaráætlun. Endurnýjuð fiskræktaráætlun fyrir 2018-2022 var send til Fiskistofu og gerir hún ráð fyrir áframhaldandi seiðasleppingum, bæði gönguseiða og sumaralinna seiða.
8. Samningur við leigutaka. Samkvæmt samningi við Strengi ehf, skal endurskoða samninginn árið 2018. Samningurinn gildir til 2021. Fram hefur komið hjá leigutaka að hann þurfi að sjá eitthvað fram í tímann þar sem mikil fjárbinding sé í seiðasleppingum í ána. Óskaði hann eftir að fá framlengingu á samningnum til 2026. Gerði hann stjórninni tilboð um hækkun á leigugreiðslum á viðbótarsamningstíma. Er samningurinn kynntur og ræddur hér undir öðrum lið í dagskránni.

9. Sótt var um styrk í Fiskræktarsjóð. Framlag fékkst 2017 alls 300.000 kr. og var það nýtt til að bæta aðgengi við ána. Einnig var sótt um eina milljón króna fyrir 2018 til að halda áfram að laga aðgengi og merkingar. Svar hefur ekki borist enn.
10. Fleiri mál hafa ratað á borð stjórnar. Eitt fréttabréf var sent landeigendum og heimasíðu félagsins viðhaldið. Búið er að kynna niðurstöður rannsókna í erindi Guðna Guðbergssonar, einnig hefur leigutaki gert grein fyrir veiði og sölu veiðileyfa. Að lokum þakka ég meðstjórnarmönnum fyrir gott samstarf, einnig landeigendum, leigutaka og rannsóknaraðilum. Öll stefnum við að sama marki. Að auka verðmæti Jökulsár á Dal til hagsbóta fyrir eigendur og aðra þá sem að þessum málum koma. Bestu óskir um gjöfult og gott veiðiár.

*Fyrir hönd stjórnar Veiðifélags Jökulsár á Dal*

*Aðalsteinn Jónsson formaður*

**Veiðifélag  
Jökulsár á Dal.  
Kt. 61.12.06-0700.**

**Ársreikningur 2017.**



## Skýrsla stjórnar.

Félagið var stofnað árið 2006, til að annast umsýslu með veiðimálum og öðru því viðkomandi, við Jökulsá á Dal.

Á árinu 2017 var unnið að gerð upplýsingaskilta, slóðagerð að helstu veiðistöðum og svo var haldið áram með minkaveiði á svæði félagsins og voru þetta helstu kostnaðarliðir ársins.

Áin fór álíka snemma á yfirfall og árið áður og leigutekjurnar urðu því svipaðar og árið 2016.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu, samtals að upphæð kr. 792.190 og eigið fé félagsins í árslok var kr. 6.773.725.

Engin laun voru greidd á árinu, en verktakajónusta keypt eftir því sem þurfti. Ekki eru gerðar tillögur um útborgun þóknunar til stjórnarmanna og afkoma ársins flutt óráðstöfuð til næsta árs, inná afkomu fyrri ára.

Egilsst. 07. apríl 2018.

Í stjórn veiðifélags Jökulsár á Dal.

*Guðlaugur Jónsson*  
*Guðlaugur Jónsson*  
*Þorgerður Jónsdóttir* Skalið

Skóðunar menn: *Jón Helgason*  
*Arnór Benediktsson*

## Til stjórnar í veiðifélagi Jökulsár á Dal.

Undirritaður hefur samið ársreikning þennan eftir bókhaldi félagsins, öðrum gögnum þess og upplýsingum frá stjórn félagsins.

Bókhaldið er fremur fábreytt, en unnið var að ýmsum verkefnum hjá félaginu, eftir því sem félagsfundir og stjórn ákváðu, hverju sinni.

Ársreikningurinn sem er á 6 blaðsíðum, hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi, ásamt áritun bókara og er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. des. 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reiknings-skilavenju.

Egilsstöðum 07. apríl 2018.

---

Sigurjón Jónasson.

## Rekstrarreikningur 2017

### *Veiðifélag Jökulsár á Dal*

| <b>Tekjur</b>                                 | <b>2017</b>      | <b>2016</b>       |
|-----------------------------------------------|------------------|-------------------|
| Leiga, ( veiðifél. Strengir ehf. )            | 1.836.471        | 1.874.794         |
| Styrkur, Fiskræktarsjóður                     | 300.000          | 350.000           |
| Aðrar tekjur                                  | 0                | 0                 |
| <b>Samtals tekjur</b>                         | <b>2.136.471</b> | <b>2.224.794</b>  |
| <b>Rekstrargjöld</b>                          | <b>2017</b>      | <b>2016</b>       |
| Arðskrárgerð, sérfr.kostn.                    | 0                | 2.068.290         |
| Arðskrárgerð, annar kostn.                    | 0                | 20.000            |
| Skiltagerð                                    | 264.280          | 169.209           |
| Veiðikortagerð                                | 0                | 167.170           |
| Styrkveitingar í slóðagerð                    | 170.000          | 200.000           |
| Kostn. við minkaveiðar                        | 605.000          | 871.000           |
| Fréttabréf og vefkostnaður                    | 46.540           | 37.041            |
| Árgj. landssamb. og leyfisgjöld               | 32.266           | 28.568            |
| Fundarkostn. Félags- og aðalfundir            | 147.035          | 252.086           |
| Bókhald og lögfræðipjónusta                   | 205.220          | 193.092           |
| Burðargjöld og fleira smálegt                 | 2.792            | 19.592            |
| <b>Samtals rekstrarkostn.</b>                 | <b>1.473.133</b> | <b>4.026.048</b>  |
| <b>Rekstrartap/-hagn. fyrir fjármagnsliði</b> | <b>663.338</b>   | <b>-1.801.254</b> |
| <b>Fjárm.tekjur og gjöld</b>                  |                  |                   |
| Vaxtatekjur                                   | 167.882          | 199.734           |
| Afdreginn fjármagnstekjuskattur               | -33.571          | -39.942           |
| Vaxtagjöld ársins                             | -5.459           | -2.373            |
| <b>Fjármagnsliðir samtals:</b>                | <b>128.852</b>   | <b>157.419</b>    |
| <b>Hagn./-Tap ársins</b>                      | <b>792.190</b>   | <b>-1.643.835</b> |

## Efnahagsreikn. 31.12. 2017

*Veiðifélag Jökulsdár á Dal.*

| Eignir:                                | 2017                 | 2016                 |
|----------------------------------------|----------------------|----------------------|
| <b>Veltufjármunir:</b>                 |                      |                      |
| Bankareikningur nr. 6100               | 2.146.945            | 1.242.950            |
| Bankabók nr. 000696                    | 5.000.000            | 5.000.000            |
| Millireikningur í Arion banka hf.      | 9.667                | 13.000               |
| Inneign hjá Logg ehf.                  | 60.900               | 0                    |
| <b>Veltufjármunir samtals</b>          | <b>7.217.512</b>     | <b>6.255.950</b>     |
| <br><b>Eignir samtals</b>              | <br><b>7.217.512</b> | <br><b>6.255.950</b> |
| <br><b>Skuldir og eigið fé:</b>        |                      |                      |
| <b>Skammtímaskuldir:</b>               |                      |                      |
| Ógreiddir úthlutaðir styrkir           | 0                    | 200.000              |
| Ógreitt Logg sf.                       | 0                    | 60.000               |
| Skuld við gjaldkera                    | 14.415               | 14.415               |
| Kjartan Sigurðsson                     | 320.000              | 0                    |
| Snæbjörn Valur Ólason                  | 50.000               | 0                    |
| Vaðall ehf.                            | 26.000               | 0                    |
| Skúli Björn Gunnarsson                 | 33.372               | 0                    |
| <b>Skammtímaskuldir samtals</b>        | <b>443.787</b>       | <b>274.415</b>       |
| <b>Eigið fé:</b>                       |                      |                      |
| Óráðstafað eigið fé 1. jan.            | 5.981.535            | 7.625.370            |
| Hagnaður/-tap ársins                   | 792.190              | -1.643.835           |
| Skattar, útvarpsréttargjald            | 0                    | 0                    |
| <b>Eigið fé samtals</b>                | <b>6.773.725</b>     | <b>5.981.535</b>     |
| <br><b>Skuldir og eigið fé samtals</b> | <br><b>7.217.512</b> | <br><b>6.255.950</b> |

## Yfirlit yfir sjóðstreymi árið 2017

|                                                      | Skýr. | 2017             | 2016              |
|------------------------------------------------------|-------|------------------|-------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar:</b>                           |       |                  |                   |
| Hagnaður (táp) samkvæmt rekstrarreikningi            |       | 792.190          | -1.643.835        |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi      |       |                  |                   |
| Afskriftir                                           |       | 0                | 0                 |
| <b>Veltufé frá (til) rekstrar</b>                    |       | <b>792.190</b>   | <b>-1.643.835</b> |
|                                                      |       |                  |                   |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum        |       |                  |                   |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun                     |       | -60.900          | 0                 |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun                    |       | 169.372          | 274.415           |
| <b>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum</b> |       | <b>108.472</b>   | <b>274.415</b>    |
| <b>Handbært fé frá (til) rekstrar</b>                |       | <b>900.662</b>   | <b>-1.369.420</b> |
|                                                      |       |                  |                   |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>                       |       |                  |                   |
| Kaupverð fastafjármuna                               |       | 0                | 0                 |
| Ný langtímalán                                       |       | 0                | 0                 |
| Langtímalán, hækkun (lækkun)                         |       | 0                | 0                 |
| Beinir skattar, útv.r.gjald                          |       | 0                | 0                 |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                        |       | <b>0</b>         | <b>0</b>          |
| <b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b>                 |       | <b>900.662</b>   | <b>-1.369.420</b> |
| <b>Hndbært fé í ársbyrjun</b>                        |       | <b>6.255.950</b> | <b>7.625.370</b>  |
| <b>Handbært fé í árslok</b>                          |       | <b>7.156.612</b> | <b>6.255.950</b>  |

## Veiðifélag Jökulsár á Dal - fjárhagsáætlun fyrir árið 2018

lögð fyrir aðalfund 28. apríl 2018

|                                 | Áætlun<br>2018   | Raun 2017        | Raun 2016         |                                                 |
|---------------------------------|------------------|------------------|-------------------|-------------------------------------------------|
| <b>Eigið fé í ársbyrjun</b>     | <b>6.773.725</b> | <b>5.981.535</b> | <b>7.625.370</b>  |                                                 |
| <b>Tekjur:</b>                  |                  |                  |                   |                                                 |
| Leigutekjur                     | 2.500.000        | 1.836.471        | 1.874.794         | Lokafjárhæð ræðst af dagafjölda/yfirfalli       |
| Aðrar tekjur                    | 1.000.000        | 300.000          | 350.000           | Sótt var um styrk í Fiskræktarsjóð v. veiðivega |
| <b>Tekjur alls</b>              | <b>3.500.000</b> | <b>2.136.471</b> | <b>2.224.794</b>  |                                                 |
| <b>Gjöld:</b>                   |                  |                  |                   |                                                 |
| Fundakostnaður                  | 150.000          | 147.035          | 252.086           | Félags- og stjórnarfundir, aðalfundur LSV       |
| Bókhald og<br>lögfræðipjónusta  | 200.000          | 205.220          | 193.092           | Ársreikningsgerð og aðstoð við gerð gagna       |
| Arðskrárgerð                    |                  |                  |                   |                                                 |
| Sérfræðipjónusta                |                  | 0                | 2.068.290         | Aðkeypt sérfræðivinna v. arðskrár               |
| Annar kostnaður                 |                  | 0                | 20.000            | Útlagður kostn. s.s. akstur v. arðskrárvinnu    |
| Útgáfa og framkvæmdir           |                  |                  |                   |                                                 |
| Merkingar veiðistaða            | 600.000          | 264.280          | 169.209           | Ný veiðistaðaskilti og veiðislóðamerki          |
| Veiðivegir og stígar            | 800.000          | 170.000          | 200.000           | Aðgengi að veiðistöðum                          |
| Útgáfa                          |                  |                  |                   |                                                 |
| Fréttabréf og<br>heimasíða      | 50.000           | 46.540           |                   | Prentun og vefvistun                            |
| Veiðikort                       | 100.000          | 0                | 167.170           | Prentun og kortagerð                            |
| Eyðing vargs                    | 250.000          | 605.000          | 871.000           | Eyðing vargs við Jökulsá                        |
| Annar kostnaður                 | 50.000           | 35.058           | 85.201            | Árgjöld LSV og fleira smálegt                   |
| <b>Gjöld alls</b>               | <b>2.200.000</b> | <b>1.473.133</b> | <b>4.026.048</b>  |                                                 |
| <b>Fjármagnstekjur og gjöld</b> | <b>150.000</b>   | <b>128.852</b>   | <b>157.419</b>    |                                                 |
| <b>Rekstrarafgangur(halli)</b>  | <b>1.450.000</b> | <b>792.190</b>   | <b>-1.643.835</b> |                                                 |
| <b>Eigið fé í árslok</b>        | <b>8.223.725</b> | <b>6.773.725</b> | <b>5.981.535</b>  | * eigið fé mun lækka vegna sp. arðgreiðslna     |